

**bírta**  
*beima og heiman*

**CHIHARU KAWAI:**  
» Japanskur stúdent

**TÍSKA:**  
» Appelsínugulir kjólar

**HÖNNUN:**  
» Verðlaunahönnuðurinn  
Kristín Eva

**JÓEL OG BERGPÓRA:**

» *Ull í útrás*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN  
16. júní - 22. júní

# ÞAU ERU KOMIN!

Þegar þú kaupir gjaldeyri fyrir 20 þúsund krónur eða færð þér MasterCard kreditkort færðu stórt og fallegt **handklæði** í kaupbæti.

**Farðu í fríið með fjármálin á þurru:**

- **Kreditkort**

- þægilegasti og öruggasti greiðslumátinn í útlöndum.

- **Netbankinn**

- yfirsýn og helstu bankaaðgerðir hvar sem er í heiminum.

- **Reglulegur sparnaður**

- leggðu drög að næsta fríi.

- **Greiðsluþjónusta**

- láttu okkur sjá um að borga reikningana.






Þú færð nánari upplýsingar hjá þjónustufulltrúum í  
útibúum Glitnis, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á [www.glitnir.is](http://www.glitnir.is)



Hyundai kynnir nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokk, rúmgóður fjölskyldu- og fristundabíll eða ferðafrelsí dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fágaða hönnun og áræðna eiginleika. Láttu þér ekki bregða, heldur njóttu athyglinnar.



## EKKI LÁTA PÉR BREGÐA! NÝR SANTA FE



Með bílinn handa þér

**KOMDU Í REYNSLUAKSTUR**

**HYUNDAI** hefur gæðin

Keflavík 421 4444


Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • [www.bl.is](http://www.bl.is)



16



14



22



33

## Þetta helst

- 7 1944: Örbylgjuréttur eða þjóðveldisára
- 8 Heitt og kalt
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla Heiðu Eiríksdóttur
- 12 Benóný Ægisson: Undirbýr hátíðarhöldin 17. júní
- 14 19. júní: Áfram stelpur

## Greinar og viðtöl


- 16 Jóel Pálsson og Bergþóra Guðnadóttir: Ull í útrás
- 22 Chiharu Kawai: Aldrei feimin við að tala íslensku

## Hann/hún

- 26 Minnir á mat
- 28 Með sól í hjarta
- 32 Margverðlaunaður hönnuður
- 34 Sumarsólstöður
- 36 Sigríður Björg elur upp
- 38 Háttatími barna
- 40 Jóhanna segir kynjasögur
- 40 Stjörnuspá
- 42 Sirkusnámskeið
- 44 Óhefðbundnar og hefðbundnar lækningar
- 44 Ólétt í formi
- 46 Óregano hollt og gott

## Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku



### Á ils.is getur þú:

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánatíma

### Önnur þjónusta á Netinu:

- Bráðamat
- Útreikningur greiðslubyrði
- Reiknivélar
- Upplýsingar frá ráðgjafa í Netsamtali (MSN)

## Beint samband á nýrri heimasíðu – ný og endurbætt heimasíða Íbúðaláanasjóðs

### Netsamtal (MSN)

Nú er hægt að komast í beint samband við ráðgjafa Íbúðaláanasjóðs með því að smella á **Netsamtal á ils.is** alla virka daga milli kl. 8 og 17.

### Lenging og stytting lána

Á heimasíðu Íbúðaláanasjóðs er hægt að sækja um að lengja eða stytta lánstímann á láninu þínu. Þú getur valið um 20 til 40 ár og allt þar á milli.

Eyðublöð er að finna á ils.is

**www.ils.is**

Borgartúni 21, 105 Reykjavík  
Sími: 569 6900, fax: 569 6800

Íbúðaláanasjóður fyrir alla



Íbúðaláanasjóður



## 1944: Örbylgjuréttur eða lýðveldisár?

Texti: MARÍA ÞÓRA ÞORGEIRSDÓTTIR Mynd: GVA

Í 62 ár hefur sjálfstæði þjóðarinnar verið fagnað á 17. júní. Á árum áður var þetta hátíðlegur dagur þar sem ungmejar jafnt sem eldri konur klæddust sínu finasta pússi og þá iðulega íslenska þjóðbúningnum. Mörgum var í fersku minni þegar íslenska lýðveldið var stofnað árið 1944 og í hugum þeirra var þetta ógleymanlegur atburður sem markaði upphaf nýrra og betri tíma.

Í dag þyrpist fólk einnig niður í miðbæ til að halda upp á 17. júní. Það er þó ekki sjálfstæði Íslendinga sem er ungum

Íslendingum endilega efst í huga heldur er dagurinn orðinn að opinberum gleði- og skrúðgöngudegi. Og það eru risasnuddur, kandíflós, blöðrur og skrúðganga sem halda börnunum gangandi fremur en minningin um sjálfstæði Íslendinga enda tákna talan 1944 fremur örbylgjurétti en mikilvægt ártal í Íslandssögunni. Kannski væri ráð að klæða ungu kynslöðina okkar í íslenska þjóðbúninginn til að fylla hana af þjóðarstolti, búningurinn er jú eitthvað sem allir Íslendingar geta verið stoltir af.

## | heitt & kalt |



## Handbolti » Barist við Svíagrýlu

Loksins, loksins gerðist það að við unnum Svíþjóð í handboltaleik. 17. júní getum við klárað rimmuna, lagt Svía og komist á HM. Gleymum Figo og félögum á sjálfum þjóðhátiðardeginum

og fjölmennum í höllina og verðum vitni að merkisviðburði í sögu lands og þjóðar. Hvetjum strákana okkar áfram og vonum að þeir standi sig svo þeir verði áfram strákarnir okkar.



## Bikini » Sumarleg á sundlaugarbakkanum

Sumarið er komið og sundlaugarnar íða af lífi. Litrik og falleg sundföt eru algjörlega ómissandi og allar konur ættu að eiga að minnsta kosti eitt sett af bikini. Fyrir nokkrum árum síðan voru sundbolinir allsráðandi og lítið úrvval af bikini. Undanfarin ár hafa bikini tekið yfir og úrvalið hefur sjaldan verið meira en einmitt nú. Þótt það sé gaman að eiga falleg sundföt það er fátt leiðinlegra en að rölt í búðir og leita að bikini sem passa. Það getur verið hreinasta hörmung að máta bikini og því er vissara að vera vel upp lagður þegar haldið er í verslunarferð.



## Sumarfrí » Samverustundir með fjölskyldunni

Nú fer sumarleyfistíðin að hefjast. Vinnustaðir fyllast af sumarafleysingafólk og blessuð börnin fá frí frá skóla og leikskóla. Loksins gefst tímí fyrir fjölskylduna til þess að gera eitthvað skemmtilegt eða bara njóta þess að eyða deginum saman í rólegheitum. Því miður hafa ekki allir kost á því að taka sér sumarfrí með börnunum sínum, svo sem námsmenn eða þeir sem eru nýbyrjaðir í starfi. Þá er nauðsynlegt að plana sumarið vel og reyna að skipuleggja sumarfríð hjá börnunum þannig að sem minnst stress og læti skapist í kringum það. Það er um að gera að skoða úrvalið af leikja- og listanámskeiðum sem eru í boði í sumar eða nýta sér þjónustu gæsluvallanna í Reykjavík en nú er reksturinn í höndum ÍTR. Best væri náttúrulega að senda börnin í sveitina til afa og ömmu en þar sem það er orðið nokkuð sjaldgæfur kostur þá er líka stórfínt að skottast með afa og ömmu í borginni.



# SUMARSMELLIR

# 100



100 ÍSLENSKIR SUMARSMELLIR Á 5 GEISLAPLÖTUM



Á plötunum 5 er að finna samtals 100 lög með íslenskum flytjendum og eiga lögin það sameiginlegt að hafa verið vinsæl yfir sumartímann á Íslandi síðustu áratugina.

2.799kr.

5CD

MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM



skemmtir þér ;)



## brennslan mín ...

Heiða Eiríksdóttir

### Kraftmikil nýbylgjutónlist

Heiða Eiríksdóttir, betur þekkt sem Heiða hefur starfað sem söngkona og einnig útvarpskona á Rás 2. Í tilefni þjóðáháardagsins bjó Heiða til brennslu sem inniheldur aðeins íslensk lög, „Lögin sem ég valdi eiga það sameiginlegt, fyrir utan það að vera óll með íslenskum hljómsveitum, að það er kraftar í þeim. Ég gerði eiginlega bara svona pönkkrokki-brennslu. Kraftmikil nýbylgjutónlist hefur höfðað til míni í gegnum tíðina og gerir enn og því er þetta bland af nýjum og gömlum lögum. Sum lögin þekkja allir. Önnur eru meira hulin augum almennings, og tvö þeirra hafa einungis borist mér í hendur í „demó“-útgáfum, en þau eru með hljómsveitunum Vítissóta og ÁElu.“

**LAG 1** **Transylvania – HAM.** Fyrsta myndbandið sem ég sá með HAM var við þetta lag. Það er tekið í kirkjugarði og þeir voru allir rosalega mjóir og fólir, og mér fannst þeir sætir. Textinn við lagði er framtískarandi, svo leggið við hlustir.

**LAG 2** **Ég var á leiðinni heim – Vítissóti!** Mitt uppáhalds partílag birtist á demónum frá því í apríl 2000. Verst að það að eiga bara nokkrar hræður þetta demó, svo ég get iklegra bara farið í partí til þeirra.

**LAG 3** **Poturass! – Ókind.** Splunkuný plata Ókindar, Hvar í Hvergilandi, er alveg frábær, og þetta er svo sannarlega hressandi lag. Aggressív gítarar og óskur, það er málid. Svoileiðis tónlist ýtir vondu skapi út og þá er pláss fyrir gleði og stuð.

**LAG 4** **Animal, Animal – Olympia.** Olympia var sólóverkefni Sigurjóns Kjartanssonar, og þar blandað hann tölvum saman við rokkid sem HAM voru þekktir fyrir. Útkoman varð einstök, og ég skil ekkert í Sigurjóni að hafa ekki haldið Olympiu til streitu. Frábært band, frábært lag!

**LAG 5** **Aftermath – Kimono.** Kimono er tvímælalaust hljómsveit á uppleið, og platan Arctic Death Ship er meiriháttar. Þetta lag er þó ef til vill mest grípandi og eitt af þeim lögum sem ég fæ aldrei leið á. Gott að keyra við þetta lag, en best er náttúrulega að rúlla öllum nýja disknum, því þetta passar svo vel inn í heldina.

**LAG 6** **Rockville/Byrgið – ÁEla.** Af óútkominni plótu ÁElu. ÁEla á tónleikum er upplifun. ÁEla á morgnana er betra en morgunmatur. Gítar og óskur aftur, það er svo holtt. Bara hlusta á ÁElu og þá þarf maður ekki einu sinni að taka vitamín.

**LAG 7** **Án nafns – Purrkur Pillnikk.** Ég fila þetta lag af persónulegum ástæðum. Það rammar inn reiði mína, og þegar ég syng með textanum þarf ég ekki að vera neitt reið lengur. Einar Órn sagði það fyrir mig.

**LAG 8** **Lík-ami – Purrkur Pillnikk.** Besta óskur í íslensku lagi, sem ég veit um. Það eitt gerir lagði gott, en svo er lagði bara líka svo gott ... Lögískara getur það ekki verið.

**LAG 9** **Engill – Curver.** Besta „út að labba ein á malbikinu í rigningu með vasadiskó“-platan er án efa Haf með Curver. Öll lögin sérsniðin fyrir blautt malbik og einveru. Þegar þetta lag kemur, dansar maður á milli pollanna.

**LAG 10** **Strange as it might seem – Ghostigital.** Þegar Curver og Einar Órn leiða saman hesta sína í hljómsveitinni Ghostigital er allt mögulegt. Þeir koma báðir með eitt hvað skrytið og hrátt með sér og hræra því svo saman. Eins og að borða súkkulaðikókudeig hrátt: Miklu betra en kakan hefði nokkurn tímann orðið.

## » birta mælir með ...

**... 17. JÚNÍ HÁTÍÐAR-HÖLDUM** Að öllu jöfnu ætti að vera vel réttlætanlegt að sitja heima alla helgina og horfa á þrjá leiki í Heimsmeistarakeppninni á dag. En á morgun er undantekningin, því þá er sjálfur 17. júní og af því tilefni þurfa meira að seiga allra hörðstu fótbaltaáhugamenn að standa upp úr sófanum. Dustið rykið af þyrlunni, straujið fánann, þússið spariskóna og mætið í skrúðgönguna með öllum vinum ykkar og fjölskyldu. Skrúðgangan fer af stað frá Hlemmi klukkan 13.40.

**... SÉRVÖLDUM ÍSLENSKUM TÓMÓTUM** Þeir bráðna í munni og eru einstaklega góðir í alla matargerð. Fagurrauðir, safaríkir og sumarlegir bíða þeir í röðum í matvörubúðunum og það er varla hægt að standast þá. Salatið verður svo miklu sumarlegra þegar ferskum tómötum hefur verið bætt í það og brauð-sneiðin breytist í hátíðarmat ef tómatsneið er notuð sem álegg. Þá eru tómatarnir líka ljúffengir einir og sér.

### ... HAXAN EFTIR BARÐAJÓHANNESSON

Barði hefur lagt poppið til hlíðar, i bili, og sendir frá ser dulmagnað sinfóníuverk í háklassískum stíl. Gert fyrir danska mynd sem var bönnuð um 1920 vegna þess að hún þótti boða djöfladýrkun og sittvað fleira sem ekki er við hæfi barna. Fallegt, magnþrungið og ógnvekjandi allt í senn.



## Pappírssími fyrir pappírspésa

**NÝTT**

Segum sem svo að þú þurfir að dvelja erlendis í two daga eða tvær vikur. Kannski á fundi vegna vinnunnar. Kannski eru bara á ferðalagi. Þar sem þú þarf að hringja nokkur mikilvæg símtöl innan landsins, eða geta tekið við þeim, er nauðsynlegt að vera með farsíma. Gallinn er bara sá að það væri rándýrt fyrir þig að nota gamla símkortið þitt. Þess vegna kaupir þú einhvers konar freliskort um leið og þú lendir. Eða reynir það að minnsta kosti. Stundum getur nefnilega verið ótrúlega erfitt að finna svoileiðis símkort. Lausnir á þeim vanda gæti verið að labba inn í næstu sjóppu og kaupa einnota, endurvinnanlegan síma úr pappír. Þeim sem enn eru unglingar í hjarta sínu finnast pessir nýju símar frá Yanko design ekki beinlínis það flottasta í farsímaheiminum – en þeir virka, eru umhverfisvænir, ódýrir og mjög einfaldar í notkun. Frábært fyrir ferðalanga og pappírspésa sem eru alltaf á ferðinni á milli funda. Ef einhver gæti svo fundið upp einnota fartölvu úr pappír í stil væri heimurinn fullkominn. Meira um símána á [www.yankodesign.com](http://www.yankodesign.com)





SNIÐUGT

LYSING.IS // 540 1500

Það er sama hvernig þú lítur á dæmið. Ef þig vantar leiðir til þess að eignast draumabílinn getum við alltaf boðið þér sniðuga lausn.

Bílalán // Bílasamningur // Einkaleiga



LÝSING



Texti: VALGEIR RAGNARSSON Myndir: GVA

## » STÍFUR UNDIRBÚNINGUR AÐ BAKI «

17. júní er á morgun og þá fyllist miðborg Reykjavíkur af syngjandi glöðum Íslendingum. Mikil dagskrá er í boði fyrir alla aldurshópa og hefur undirbúningur fyrir daginn staðið yfir síðan í vetur. Birta spurði Benoný Ægisson verkefnistjóra 17. júní hátiðarhaldanna í Reykjavík nokkura spurninga um herleghetin.

Fjórir starfsmenn Hins Hússins sem kalla sig Skytturnar eiga veg og vanda af skipulagningu hátiðarhaldá í miðborg Reykjavíkur. Yfirkryttan og verkefnistjóri 17. júní heitir Benoný Ægisson og hefur hann staðið í ströngu við skipulagninguna frá því snemma í vor.

### HVERNIG ER UNDIRBÚNINGI HÁTTAÐ FYRIR SVONA STÓRAN ATBURÐ?

„Þetta er náttúrulega dálítio flókin aðgerð þar sem þetta er allt sett upp og tekið niður á einum til tveimur sólarhringum. Skipulag fyrir hátiðarhöldin byrjar seinni hluta vetrar og við erum fjögurra manna teymi sem köllum okkur Skytturnar sem sjáum um þetta. Við byrjum að funda og svo förum við að auglýsa eftir atriðum í kringum pásku. Síðan þyngist róðurinn smám saman og síðustu dagana er stórhópur sem er að vinna að þessu. Það eru einhverjur tugir manna þegar mest lætur. Þetta er náttúrulega útiþatið og það þarf að setja upp öll svið og búa þetta allt til á staðnum, en ég er að vinna í þessu á fullu frá því að undirbúningur hefst.“

### FRÁ HVAÐA SVIÐUM INNAN BORGARINNAR KOMA ÞEIR SEM TAKA PÁTT Í UNDIRBÚNINGNUM?

„Þetta er nú reyndar ekki gert svoleiðis mikið lengur. Yfirleitt er þetta unnið í verktakavinnu því nú rekur borgin miklu færri fyrirtæki og annað slíkt en hún gerði áður. Sá tími þegar borgin rak smíðaverkstæði sem smíðaði sviðin og setti þau upp er liðinn. Yfirleitt eru þetta því allt saman verktakar sem sjá um uppsetninguna.“

### HVER ERU MARKMIÐ REYKJAVÍKUR-BORGAR MED HÁTIÐARHÖLDUNUM?

„Það er náttúrulega að minnast lýðveldisstofnunar og sem höfuðborg þá höldum við hátiðardagskrá á Austurvelli og í kirkjugarðinum. Dagskránni frá Austurvelli er sjónvarpað á landsvísu og höfuðborgin gerir það náttúrulega. Auðvitað er þetta líka fyrst og fremst fjölskylduskemmtun frá morgni til kvölds.“

### HVENÆR HEFJAST HÁTIÐARHÖLDIN?

„Þau hefjast klukkan tíu um morguninn í kirkjugarðinum við Suðurgötu þegar forseti borgar-

stjórnar leggur blómsveig frá Reykvíkingum á leiði Jóns Sigurðssonar. Þeim lýkur síðan klukkan tíu um kvöldið með tónleikunum.“

### ERUD PIÐ MEÐ DAGSKRÁ Í BOÐI FYRIR ALLA ALDURSHÓPA?

„Við erum núna með dagskrá á tveimur stórum sviðum og fjórum litlum auch þess sem við erum með mikið af leiktaðkum. Hátiðarsvæðið er mjög stórt, það nær alveg frá höfninni og út að Hringbraut. Síðan fyrir þá sem eru eldri, þá eru tónleikar á Arnarhlí og hip-hop tónleikar á Lækjargötu. Síðan erum við með tónleika í tjaldi á Austurvelli þannig að það er eitthvað sem höfðar til allra í dagskránni. Fólk getur skoðað dagskrána í heild sinni innri á 17.juni. is.“

### VERÐUR EITTHVAÐ NÝTT AF NÁLINNI Í HÁTIÐARHÖLDUNUM Í ÁR?

„Nei, ég get nú ekki sagt það. 17. júní hátiðarhöldin eru nú engin keppni í frumleika. Flest allir vilja fá það sem þeir eru vanir að sjá og helst aðeins meira. Það er það sem við reynum að gera.“



## Sælureitur í garðinum



Pantaðu glæsilega  
handbók okkar í síma 800 5050

[www.bmvalla.is](http://www.bmvalla.is)

Gæðavörur fyrir garðinn.

Fyrstu skrefin að sælureit fjölskyldunnar liggja í Fornalund.  
Landslagsarkitekt okkar aðstoðar þig við að breyta garðinum  
þínum í sannkallaðan sælureit.

Hringdu í 585 5050 og fáðu tíma í ráðgjöf.  
Það kostar ekki neitt.



**BM·VALLA**

Söludeildir BM·VALLA: Í Fornalundi 110 Reykjavík Sími: 585 5050 • Suðurhrauni 6 210 Garðabæ Sími: 585 5080  
V/Súluveg 600 Akureyri Sími: 460 2200 • Ægisgötu 6 730 Reyðarfirði Sími: 477 2050 • Höfðaseli 4 300 Akranes Sími: 433 5600

# ÁFRAM STELPUR

» Pann 19. júní árið 1915 var kosningaréttur kvenna bundinn í stjórnarskrá. Nú eru liðin rúm níutíu ár síðan og samfélagið er gjörbreytt. Konur teljast nú jafnokar karlmanna á flestum svíðum og jafnréttisbaráttan hefur boríð góðan árangur. Samt er víða langt í land og þess ættum við að minnast á þessum degi.

Texti: PÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR

Það voru stoltar konur sem fylktu liði á Austurvöll, þann 7. júlí 1915, til þess að fagna þeim réttindum sem íslenskum konum hafði loksins hlutnast. Kosningarétturinn hafði verið bundinn í stjórnarskrá nokkrum vikum fyrr sem þyddi að konur gátu nú loks haft bein áhrif á þjóðmálin. Samkoman á Austurvelli var ein sú fjölmennasta sem haldin hafði verið hér á landi og í tilefni dagsins var íslenska fánanum flaggð í fyrsta skipti sem viðurkenndum sérfána Íslands. Kosningarétturinn var stærsti áfanginn sem unnist hafði í öflugri kvennabaráttu sem staðið hafði í nokkur ár. Um aldamótin 1900 varð vakning meðal íslenskra kvenna með Bríeti Bjarnhéðinsdóttir í broddi fylkingar. Kvenfélög voru stofnuð víða um land og konur börðust fyrir sömu réttindum og karlar höfðu fengið í vöggugjöf. Sömu laun fyrir sömu vinnum, jafnrétti til náms og fjárhagslegt sjálfsstæði konunnar voru meðal þeirra baráttumála sem nú áttu upp á pallborðið. Réttindi sem konur höfðu fram að þeim tíma varla hugleitt að þær ættu rétt á.

Kosningarétturinn var í fyrstu bundinn við 40 ára



Briet Bjarnhéðinsdóttir var einn helsti frumkvöðullinn í kvenréttindabaráttunni.



Á kvennafrídaginn árið 2005 sýndu íslenskar konur mikla samstöðu. Launamunur kynjanna var í brennidepli eins og svo oft áður.

aldur og þótti mörgum konum það miður. Rökin fyrir aldurstakmarkinu voru þau að konur væru ekki tilbunar að takast á við þá ábyrgð og þær skyldur sem fylgdu kosningarétti og kjörgengi til Alþingis. Aldurstakmarkið fell í gildi með nýrti stjórnarskrá árið 1920 og tveimur árum síðar var fyrsta íslenska konan kjörin á þing.

Smátt og smátt komust konur til aukinna valda í þjóðfélaginu og ýmsum gömlum gildum var kollvarpað. Aðsókn kvenna í menntaskóla og háskóla jókst með hverju árinu og konur flykkust út á vinnumarkaðinn til þess að vinna sömu störf og karlar.

91 ár eru ekki langur tími. Fjórar kynslóðir íslenskra kvenna hafa fengið að kjósa í almennum kosningum sem er agnarlitill hópur ef horft er til rúmlega þúsund ára sögu þjóðarinnar. Pann 19. júní ættum við að hugleida þetta. Hugsa um allar konurnar og karlana sem ruddu brautina og þakka fyrir hversu langt við höfum náð á síðustu árum. En við ættum einnig að stalda við og skoða hvað enn á eftir að gera því baráttan er svo sannarlega ekki unnin enn.



*Notaleg stemning með flottum fylgihlutum  
fyrir heimilið og sumarbústaðinn*



**LÍNAN**  
HÚSGÖGN

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • [www.linan.is](http://www.linan.is)

# ULL Í ÚTRÁS

» Úti í Örfirisey hafa ung hjón stofnað fyrirtæki sem endurreisa á veldi íslensku ullaninnar. Hann er þjóðþekktur tónlistarmaður og hún á að baki fársælan feril sem hönnuður. Saman ætla Jóel Pálsson og Bergþóra Gunðnadóttir að sýna og sanna að íslenska ullin er einstök náttúruauðlind sem vel stenst kröfur nútímans.

Viðtal: TRYGGVI GUNNARSSON

Myndir: HARI

Förðun: ELÍN REYNISDÓTTIR



**Y**tra byrði Eyjaskóðar 9 gefur fáar vísbendingar um það sem fram fer innandyra. Stórt verksmiðjuhúsnæði milli gamalla olíutanka og seglagerða virðist við fyrstu sýn bjóða upp á fátt spennandi. Þegar inn er komið og upp á aðra hæð kemur annað í ljós. Jóel og Bergþóra hafa breytt einu horni hússins í hönnunartíði, hljóðver og notalega kaffistofu. Í anddyrinu hanga sýnishorn af því sem Farmers Market hefur upp á að bjóða, flíkur unnar úr íslenskri ull, og í bakgrunnum er steinaður íslenskur veggur, eitthvað sem fylgir flíkunum á öllum söluostöðum.

Eftir stutt spjall yfir kaffibolla, þar sem meðal annars kom í ljós að blaðamaður hafði spilað í brúðkaupi Jóels og Bergþóru, beindist samtalið að því sem vakið hafði áhuga Birtu, Farmers Market og íslenska ullin.

#### FARMERS MARKET - ICELAND

Grundvallarhugmyndin að baki Farmers Market er nýting íslensku ullaninnar sem Bergþóra og Jóel telja að, þrátt fyrir vinsældir lopapeysunnar innanlands, sé vannýtt auðlind. „Íslenska sauðkindin er búin að vera einangruð hérrna í meira ellefu hundruð ár og er búin að þróa með sér einstaka náttúrulega eiginleika í veðrattunni hér sem er ansi óútreiknanleg,“ segir Jóel. „Íslenska ullin er bæði einangrandi, sem er einkennandi fyrir ull almennt, og svo er hún líka vatnsfráhrindandi, sem er einstakt fyrir íslensku ulla. Hún tapar ekki varmanum þó hún blotni.“

Bergþóra hefur alltaf haft tröllatrú á ullanini og allt frá því hún var smákrakki hefur hún prjónað í höndunum. Þegar hún var í Myndlista- og handíðaskólanum kvíknaði áhugi á nýjum nýtingarmöguleikum ullaninnar. Í stað þess að gera þykkar, þungar og belgmiklar lopapeysur sem einungis hentuðu í ferðalagið eða úti í fjósi langaði hana að gera léttari fót fyrir hvundaginn. Þetta er nákvæmlega það sem Bergþóra er að gera núna, léttar lopapeysur, fjölnota lífsstílsflíkur eins og Bergþóra kallar þær, sem henta innandyra og undir aðrar flíkur. „Í þessu felst sérstaða Farmers market,“ segir Jóel, „auk þess sem ég get leyft mér að segja að við höfum frábær honnuð sem veit hvað hún er að gera.“ Augnaráðið sem Jóel fékk til baka fyrir þessa athugasemd svaraði öllum spurningum blaðamanns um hvernig það gengi að vinna saman allan daginn og koma svo heim og vera foreldrar saman á kvöldin. Svarið var greinilega að það gengi vel.

Nafnið Farmers Market á sér vísun í sam-

nefnda markaði, bændamarkaði, þar sem frumframleiðendur selja vörum sína. Örfáir slíkir markaðir eru hérlandis, til að mynda uppi í Mosfellsdal. „Okkur langaði að finna nafn sem hefði ekki endilega með fót að gera, heldur vildum við að þetta væri orð sem dekkaði hugmyndafræðina. Farmers Market stendur fyrir eitthvað sem er nálgægt uppruna sínum, eitthvað sem er beint af akrinum,“ segir Jóel. „Við vildum líka hafa eitthvað sem speglar sögu okkar og menningu. Það er svo stutt síðan Íslendingar fluttu á mölina úr sveitinni og flest okkar eiga afa eða ömmu sem bjuggu í sveit. Það þarf ekki að fara meira en nokkur hundruð ár aftur til að finna sameiginlega forfeður okkar allra, þannig að við erum sannarlega ein stórt fjölskylda hér á skerinu.“

#### AFTUR TIL UPPRUNANS

Í augum margra hljómar það sem skref aftur á bak að láta vinsæl gerviefni lönd og leið og halda aftur til ullaninnar. „Það er rétt að það eru 20-30 ár síðan ullin var stór útflutningsvara. Það sem gerðist var ekki að hráefnið væri lélegt, heldur varð að einhverju leyti stöðunum í framleiðslu, vöruprórun og markaðssetningu á vörum. Ég er búin að vinna í um fimm ár í 66°N í þessum útivistabransu og þar eru allir að nota flís og öndunarefni, efni sem líkja eftir eiginleikum ullaninnar. Ég sækji töluvvert af útivistarsýningum erlendis þar sem allir eru að vinna meira eða minna með svipuð hráefni.

Það er rétt sem þau segja. Hnattvæðingin og markaðsöflin hafa fært okkur nær hvert öðru, bæði til góðs og illa. Til að komast til London, Parísar eða Rómars þarf aðeins að yta á nokkra hnappa á lyklaborði, gefa upp tölu á plastkorti og koma sér út á flugvöll. Vörur ferðast milli heimshorna á innan við degi og fylla búðir hér og í nágrennalönd-



## „ÞAÐ ER RÉTT AÐ ÞAÐ ERU 20-30 ÁR SÍÐAN ULLIN VAR STÓR ÚTFLUTNINGSGREIN. ÞAÐ SEM GERÐIST VAR EKKI AÐ HRÁEFNIÐ VÆRI LÉLEGT, HELDUR VARÐ AÐ EINHVERJU LEYTI STÖÐUNU Í FRAMLEIÐSLU, VÖRUPRÓUN OG MARKAÐSSETNINGU Á VÖRUNUM.“ Bergþóra

Okkur finnst því hálfert gat í markaðnum fyrir önnur efni,“ segir Bergþóra.

#### ÞJÓÐARARFURINN ULLIN

Jóel og Bergþóra segjast skynja bæði hjá sér og öðrum í kringum sig að Íslendingar séu örðnir þreyttir á eilifa rembingnum að vera alþjóðleg. Alþjóðavæðingin er svo mikil að það er hægt að fá allt alls staðar. Sömu vöru-merkin fylli allar búðir. Þau taku sem dæmi að það er litioð gaman að ferðast milli landa og allt sem þú sérð er sama lyklakippan í öllum búðargluggum. Eini munurinn er að það er búið að þrykkja mismunandi fána á hana. „Það hefur farið mikil púður í að þurrka út þjóðareinkennin til að sýna að við getum gert allt jafn vel og hinir. Ég meina, hver hefur áhuga á því?“ sprýr Jóel. „Það er ein af ástæðunum að við völdum að vinna með þetta einstaka hráefni og því hún tengist okkar sérstöku arfleifð,“ bætir Bergþóra við.

Hvort sem skoðað er í Kringlunni, London eða Kaupmannahöfn er Zara og H&M alltaf handan við næsta horn. Búðirnar eru fylltar sömu vörum og eru meira að segja á svipuðu verði. Bergþóra er sannfærð um að fólk sé búið að fá nóg. Það vilji eitthvað sem er einstakt, eitthvað sem ekki er hægt að fá í næsta stórmarkaði.

#### ÁHÆTTAN

Hugmyndin að baki Farmers Market var búin að gerjast með Jóel og Bergþóru í nokkur ár áður en þau ákváðu að slá til. Þau eru enn í startholunum enda er Farmers Market ekki orðið eins árs. „Það má kannski segja að við séum að moka holuna og steypa grunninn. Við erum ekkert að flýta okkur heldur viljum við leyfa þessu að þróast í rólegheitunum,“ segir Jóel. Spurð hvort þetta sé ekki áhætta ranghvolfa þau augunum í takt og játa að svo sé. „Þetta er mjög mikil áhætta, en maður


má ekki hugsa bara um það, þá myndi maður aldrei gera neitt. Þetta verkefni finnst okkur hrikalega spennandi. Við erum með ákvæðnar hugmyndir hvernig eigi að framkvæma svona hluti og við erum líka svo miklar „do it your self“-manneskjur að við viljum endilega gera þetta sjálf,“ segir Jóel.

Það er aðdáunarvert þegar ungt fólk sem búið er koma sér vel fyrir í lífinu leggur allt undir til að sjá draum sinn rætast. Bergþóra gegndi einum af eftirsóttustu hönnunarstöðum á landinu en hún var annar tveggja aðalhönnuða 66°orður í fjölgur ár. „Það var erfið ákvörðun að hætta hjá 66°N. Ég var mjög ánægð hjá þeim, þetta var skemmtileg vinna og ég fékk að gera fullt af skemmtilegum hlutum. Hinsvegar langaði mig að gera eitthvað sjálf og það var einfaldlega spurning um að taka ákvörðun. Þeir sýndu mér afskaplega mikinn skilning, svo mikinn reyndar að ég er enn að vinna ákvæðin verkefni fyrir þá þannig að þetta er allt í góðu,“ segir Bergþóra og játar um leið hversu heppin hún er að fá það besta beggja heima.

#### TÓNLISTARMAÐUR Í HÖNNUNARHEIMI

Jóel tekur í sama streng en þrátt fyrir að vera framkvæmdastjóri, símadama, sendill og húsvörður hins nýja fyrirtækis er hann alls ekki að hætta í tónlistinni. „Ég hef verið svo heppinn að geta verið starfandi tónlistamaður í ellefu ár og alltaf haft nóg að gera. Ég skipulegg bara tíma minn nú þannig að ég hef tíma fyrir

bæði. Það eru auðvitað ákvæðir hlutir sem ég verð að taka mér frí frá í tónlistinni, til dæmis kennslunni, og ég verð að straumlínulaga það sem ég vil gera,“ segir Jóel. Hann hefur lítinn tíma fyrir ritstíflur en hann segir að það sé svo furðulegt, hann komi miklu meira í verk nú þegar tíminn sé af skornum skammti. Ef nóturnar neita að koma á blaðið snýr hann séi einfaldlega að bókhaldinu og nýttir þannig hverja mínuútu. „Annars sé ég fram að það verði áfram nóg að gera í tónlistinni. Ég mun taka upp og gefa út disk í sumar með nýrrí tónlist sem ég hef verið að setja saman og svo er búið að bjóða mér að halda tónleika á 8. alþjóðlegu listhátiðinni í Sjanghæ,“ segir Jóel og glottir. Svo virðist sem Kínverjar hafi miklar mætur á saxafónleikurum og því eru bæði Jóel og Sigurður Flosason á leið út með hljómsveit. „Þeir buðu okkur meira að segja að taka upp live-disk sem gefinn yrði út í Kína,“ segir Jóel og ekki minnkaði glottið við það.



Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn  
Brúðbíllinn  
Sundlaugar ÍTR  
Ylströndin  
Bátaleiga í Nauthólvík



## ÍTR skemmtilegur frítími!

ÍTR býður upp á fjölbreyttu og skemmtilega afþreyingu fyrir alla fjölskylduna í sumar.

- **Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn** – Sannkölluð perla í Laugardalnum. Garðurinn verður opin alla daga vikunnar í sumar frá kl 10-18
- **Brúðbíllinn** – Verður á ferð og flugi um alla borg í sumar. Frábær skemmtun fyrir yngstu fjölskyldumeðlimina.
- **Sundlaugar ÍTR** – Á að kíkja í pottinn! Fara í smá gufu eða taka sundsprett. ÍTR rekur 7 sundlaugar í Reykjavík og þar geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi.
- **Ylströndin** – Á ekki að reyna að taka smá lit í sumar. Ylströndin er opin frá 15. maí til 15. september kl 10-20. Láttu sjá þig!
- **Bátaleiga í Nauthólvík** – Langar þig í siglingu? Leigan er opin í allt sumar miðvikudaga og fimmtdagana frá kl 15-19. Hægt að leigja árabáta, kajaka og kanóa.




„OKKUR LANGAÐI AÐ FINNA NAFN SEM HEFÐI EKKI ENDILEGA MEÐ FÖT AÐ GERA, HELDUR VILDUM VIÐ AÐ PETTA VÆRI ORÐ SEM DEKKAÐI HUGMYNDAFRÆÐINA. FARMERS MARKET STENDUR FYRIR EITTHVAÐ SEM ER NÁLÆGT UPPRUNA SÍNUM, EITTHVAÐ SEM ER BEINT AF AKRINUM.“ Jóel

Fyrir tónlistarmann sem óreyndur er í hönnunarheiminum er margt sem kemur á óvart. Jóel hefur þurft að læra eftir hinni aldagömlu aðferð að prófa sig áfram og yfirlitiga hindranirnar þegar þær myndast. „Það sem ég rak mig á strax, þrátta fyrir að Bergþóra væri búin að vara mig við, er hversu langur ferillinn er.

ferð um hönnunarstúdíóð, vottað fyrir að þar eru spennandi hlutir á ferð.

Vörur Farmers Market eru fáanlegar í fimm verslunum hérlandis. Þær eru Kisan á Laugavegi, Rammagerðin í Bankastræti og í Leifsstöð en sú búð opnar næstu mánaðarmót, 38 Þrep á Laugavegi, og á Geysi í

misserum,“ bætir Jóel við. „Það sem skiptir rosalega miklu máli fyrir okkur núna er að tryggja að framleiðslan geti gengið snurðulaust. Við erum að vinna bæði með fólk í Á Íslandi, Evrópu og Asíu, mjög hæfu fólk, að undirbúa okkur að geta brugðist fljótt við pöntunum af mismundandi stærðum þegar



Unnið er tvö ár fram í tímaminn. Eins og hjá 66°N þá er búið að raða upp litaspám sem segja til um hvað gerist árið 2008. Hvað verður þá að gerast í litatísku heimsins? Svo rælast spárnar og það finnst mér svo merkilegt. Hafir þú veðjað á rétta litinn, lit sem engum datt í hug að yrði vinsæll eftir tvö ár, dettur þú í lukkupottinn. Þetta er eitthvað sem maður áttar sig engan veginn á þegar maður er utanaðkomandi neytandi,“ segir Jóel.

#### LOPAPEYSUR Í GRUNNLÍNUNNINI

Pessi misseri er Bergþóra að leggja lokahönd á þær vörur sem hún kallar grunnvörur, vörur sem alltaf verða í hönnunarlinnuni. Pessar vörur eru flestar lopapeysur að hætti Bergþóru, sumar þjóðlegar með hinu klassísku íslenska hringamunstri, og aðrar sem lítið eiga skyld við peysurnar sem amma þrjónaði. Í handraðanum hefur Bergþóra fleiri flíkur sem enn eru á hönnunarborðinu og getur blaðamaður, eftir stutta skoðunar-

Haukadal en þar urðu nýlega eigendaskipti. Pessar búðir eru allar ólíkar en eiga það sam einfinglegt hver með annari og Farmers Market að þær eru ungar og að prófa nýja hluti. Þær eru því fullkommir ferðafélagar ungbarnsins Farmers Market.


#### ULL Í ÚTRÁS

Eins og góðum Íslendingum særir hyggja Bergþóra og Jóel á útrás í náinni framtíð. „Við ætlum að gera þetta hægt og örugglega enda margt sem getur farið úrskeiðis. Við byrjum á Japansmarkaði en þar erum við í samstarfi við aðila sem við treystum vel. Vörurnar koma á markað í haust og svo sjáum við hvað setur,“ segir Jóel. Aðilar frá fleiri markaðssvæðum hafa sett sig í samband við hjónin og segjast þau ánægð með áhugann sem strax hefur vaknað án þess að kynningarstarf sé hafið að fullu. „Við fórum okkur hægt og viljum hafa vaðið fyrir neðan okkur og leyfa þessu að þróast hægt en örugglega á næstu

þær koma,“ segir Bergþóra.

Hjónin segjast hafa litinn áhuga á því að verða risar á tískumarkaðnum. Til þess að vinna með bestu framleiðendum þurfi hinsvegar ákvæðna stærð sem skilar sér svo í gæðum. „Enn sem komið er fer ég yfir hverja einustu flik sem fer úr húsi. Allt að vera nákvæmlega rétt og því verður gæðastjórnunin að vera í góðum höndum,“ segir Bergþóra og hlær. Þó svo hún geri grín að þessari fullkomunararárttu finnst blaðamanni hún lýsandi fyrir þann metnað og þá ástríðu sem bæði Bergþóra og Jóel leggja í Farmers Market.

Tíminn einn leiðir í ljós hvort ullin stenst þær kröfur sem hradoðin nútímanamenningin gerir. Það er ljóst að umræðan um umhverfisvernd, endurnýtingu og sjálfbærari iðnaðar er að aukast og almenningu er sífellt að verða með-vitaðari um umhverfið og hvernig við höfum áhrif á það. Þessi þróun er Farmers Market í hag, hvort sem lítið er á framsetningu vörunnar eða hráefnið sjálf, íslensku ullina.



# MUNIÐ BÍLBELTIN

  
UMFERÐARSTOFA



## » Aldrei feimin við að tala íslensku «

Fyrsti Japaninn til að ljúka stúdentsprófi á Íslandi er hin 22 ára Chiharu Kawai. Hún hefur lært sín framhaldsskólafög við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu, FAS, á Höfn í Hornafirði.

Texti: GUNNPÓRA GUNNARSDÓTTIR

**C**hiharu tekur brosandi á móti Birtublaðamanni heima hjá „ömmu“ sinni í Hólmgarðinum í Reykjavík. Henni kynntist hún þegar hún kom fyrst til Íslands árið 2000, þá nýorðin sextán ára. Síðan á hún þar athvarf þegar hún stoppar í Reykjavík á ferðum sínum milli heimalandins og Hornafjarðar. Á eldhúsborðinu er fartölvun sem meðal annars geymir myndir frá veru Chiharu á Íslandi sem hefur ekki bara setið við að læra síðustu fjögur árin heldur líka tekið þátt í leikstarfsemi á Hornafirði og unnið á garðyrkjastöð og Edduhóteli sitt hvort sumarið. Einnig hefur hún spilað badminton með hornfirskum herramönnum, kennt austurlenska matargerð og meira að segja verið í þorrlótsnefnd í Nesjum.

### ALLIR BOÐNIR OG BÚNIR

Mesta afrek Chiharu er þó að ljúka náminu á fjórum árum þótt bækurnar væru allar á íslensku. Hvernig fór hún að þessu? „Ég var á málabraut og til að byrja með lærði ég bara íslensku og ensku. Smám saman bætti

ég þýsku, stærðfræði og sögu við. Þetta var vissulega erfitt en kennararnir og aðrir vinir míni voru boðnir og búnir að hjálpa mér. Ég stráði líka orðabókum í kringum mig. Fyrstu tvö árin spáði ég ekkert í hvort eða hvenær ég lyki náminu. Svo gekk mér það vel á prófum að ég fór að stefna á útskrift eftir fjögurra ára nám eins og flestir þeirra sem voru samferða mér.“ Chiharu hefur náð ótrúlega góðum tökum á íslenskri tungu. Hún þakkar það meðal annars frábærrí kennslu Zophoníasar Torfasonar kennara í FAS og líka því að hún hafi aldrei verið feimin við að tala íslensku þótt hún segði eitthvað vitlaust.

### LEIDDIST HEIMA

Chiharu er frá Yokohama, rétt hjá Tókyó, og er yngst í fimm systkina hópi. En hvernig datt henni í hug að koma til Íslands til að læra til stúdentsprófs? „Ég var fimmtíðan ára og leiddist í framhaldsskólanum í Japan. Systkini míni voru öll við nám hér og þar um heiminn. Annar bróðir minn var í Oxford, hinn í Sidney, önnur systirin í Tævan og hin

KEANE  
UNDER  
THE  
IRON  
SEA



# LANGAR ÞIG Í EINTAK?

Sendu SMS skeytið **BTC KEB** á númerið **1900**

Þú gætir unnið!



Vinnningar eru:

- Keane - Under The Iron Sea
- Keane - Live Recordings 2004 EP
- Keane - Strangers DVD
- Pepsi kippur • DVD myndir
- Fullt af öðrum geisladiskum og margt fleira

10. hver vinnur!



í London. Svo ég vildi fara eitthvert líka og er svo heppin að eiga foreldra sem skildu það. Bróðir minn hafði skroppið til Íslands þegar hann var í Oxford og litist vel á landið svo hann leitaði að skóla hér sem vildi taka við mér. Menntaskólinn á Ísafirði var einn þeirra sem sendu jákvætt svar. Ég kom fyrst til landsins í mars 2000, þá nýorðin 16 ára og byrjaði í skólanum á Ísafirði. Þar var ég svo heppin að dvelja hjá dóttur hennar „ömmu“ og fjölskyldu hennar sem hafði verið í Japan og þekkti japanska menningu.“

#### SVEITASTELPA Í SÉR

Samkvæmt íslenskum lögum má fólk yngra en 18 ára ekki dvelja á Íslandi án foreldra svo Chiharu þurfti að fara heim aftur eftir þrjá mánuði. Það hafði hún ekki vitað áður en hún kom. Draumurinn um nám á Íslandi



Í veislunni var boðið upp á ótal rétti sem Chiharu útbjó sjálf ásamt mömmu sinni.



Meðal nýstúdenta á Höfn.

Með mömmu sinni Ryoko Kawai sem kom frá Japan að samfagna dótturinni.


Mynd/Galdur



var þó á sínum stað. „Ég fór í kokkaskóla í Japan því ég hef svo mikinn áhuga á að elda og lærði líka smávegis í íslensku í tungumálaskóla í Tókýó. Kennarinn er japanskur en hefur verið á Íslandi í nokkur ár og kann vel málið. Svo kom ég hingað aftur strax eftir átján ára afmælið mitt, í mars 2002. Fyrst ætlaði ég aftur til Ísafjarðar en datt svo í hug að það væri gaman að prófa eitthvað annað. FAS er einn af fáum skólum sem tekur inn nemendur á miðri önn og Eyjólfur Guðmundsson skólameistari hvatti mig til að koma austur. Ég vildi líka gjarnan vera í litlum bæ því ég er sveitastelpa í mér!“

#### HEILSAR UPP Á KÆRASTANN

Til að byrja með kveðst Chiharu hafa búið hjá fjölskyldu á Höfn en síðan tekið íbúð á leigu sem foreldrar hennar hafi hjálpað henni að borga. Hún hefur ekki sagt skilið við sinn kæra Hornafjörð því í haust ætlar hún að koma aftur til að hefja nám í ferðamálafræði við Höklaskóla í fjarnámi. „Það er háskólastetur í Nýheimum á Höfn og þar ætla ég að læra gegnum tölvuna. Ég get ekkert flutt frá Höfn. Það er svo fallegt þar,“ segir hún og brosir sínu bjarta brosi. Hvað hyggst hún svo fyrir í framtíðinni? „Ég læri mikið um íslenska náttúru og hef áhuga á henni og því langar mig til að verða leiðsögumaður. Það koma svo margir japanskir ferðamenn hingað til lands og kannski get ég unnið hjá einhverri ferðaskrifstofu.“ Hún kveðst hafa eignast góða vini á Höfn, bæði meðal yngri og eldri. Skyldi kannski einhver ungur maður vera í spilinu? „Nei, nei,“ segir hún hlæjandi. „Ég á kærasta í Japan og nú ætla ég að fara og heilsa upp á hann.“



A man and a woman are posing together on a beach at night. The woman, wearing a floral top, has her arm around the man's shoulder. The man, shirtless and wearing a beaded necklace, looks towards the camera. They are standing on sand with other people visible in the background.

# Miami Glow

by JLO



©REX

[www.jenniferolopezbeauty.com](http://www.jenniferolopezbeauty.com)



# MINNIR Á MAT

Umsjón: HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR

Mynd: GUNNAR SVERRISSON

Sumar uppskriftir eru til þess gerðar að minna mann á ákveðna rétti, að þeir geti verið sniðugir og margt hægt að gera með þá. Eggjakaka er einn slíksa rétta en í eggjaköku er hægt að setja allt mögulegt. Fyrir utan það þá er fyllt eggjakaka staðgóður réttur og hreinlega fallegur matur fram borinn með salati og brauði. Eggjaköku er hægt að gera á ýmsa vegu, t.d. hafa hana þykka og stóra og skera í sneiðar eða steikja hana mjög þunna og litla og bera fram sem rétt á smáréttaborði.

## FYLLT EGGJAKAKA MED ÖLLU MÖGULEGU

6 egg  
2 msk. rjómi  
salt og pipar  
1 msk. ólifuolía  
1 msk. smjör  
1 laukur eða 3 skalottulaukar, saxaðir  
8 sneiðar beikon eða 6 sneiðar hráskinka,  
skoríð í bita  
6 sveppir, sneiddir  
1/2 hnefi fersk steinselja, söxuð  
ostbiti, skorinn í teninga, um 20 smábitar

Hrærið saman egg, rjóma, salti og pipar. Mýkið lauk í olíu á þeiri pönnu sem á að nota undir eggjakökuna. Setjið beikon eða hráskinku saman við og steikið þar til fer að brúnað. Setjið sveppi saman við og mykið. Dreifið steinseljunni yfir. Hellid eggjablöndunni yfir pönnuna og hrærið aðeins saman. Jafnið út og dreifið ostbitunum yfir. Látið steikjast á meðalhita þar til kakan sest að ofan. Ef hún er þykk gæti þurft að setja pönnuna inn í ofn í nokkrar mínútur en þá þarf að gæta að því að ekki sé plasthald á henni! Berið fram með góðu salati og brauði og ýmsu ljúfmeti.

## Vín mánaðarins í júníhefti Gestgjafans

Austurríski vínframleiðandinn Kollwenz hefur unnið til fleiri viðurkenninga og verðlauna síðustu ár en nokkur annar austurískur vínframleiðandi. EKKI eru umsagnirnar um vínin þeirra síðri hér á landi. Í Morgunblaðinu 23. apríl voru sjö af þeim níu vínum sem eru í reynslusölu í vínbúðunum prófuð. Skemmt er frá því að segja að þau fengu öllu einkunna 17 eða hærra, af 20 mögulegum. Eitt þeirra, rauðvín Ó Eichkogel, fékk fullt hús, einkunna 20.

Dómar um tvö af rauðvínunum, Sonnenberg og Blaufrankisch Vom Leithagebirge birtust í þriðja og fjórða tölublaði Gestgjafans á þessu ári og fengu þau bæði fjögur glös í einnkunn og umsögnina góð kaup og mjög góð kaup.

Í sjötta tölublaðinu nú í júní var svo Steinzeiler, „Rolls Royce“ vínið hjá Kollwenz, valið vín mánaðarins. Hlaut fimm glös í einnkunn og þrátt fyrir að vínið kosti 4.220 kr. segir Þorri Hringsson vínrýni að það verði að teljast góð kaup.

Kollwenz vínin eru til sölu í Heiðrúnu og Kringlunni og kosta frá 1.390 kr. og upp í 4.220 kr. þannig að allir ættu að geta fundið vín sem hentar þeirra smekk og fjárhag. Vel fer á að ljúka þessari umfjöllun með orðum Þorra Hringssonar í Gestgjafanum: „Og nú vil ér að lesendur Gestgjafans taki við sér og prófi sjálfir hversu góð þessi vín eru.“





Minnie Driver mætir á tískusýningu Escada.



Carmen Electra á MTV hátiðinni.




Alicia Keys á verðlaunahátið í Maí.



Rebecca Romijn í Cannes.



Donatella Versace í Cannes.



Michelle Williams á óskarsverð-laununum.



Michelle Yeoh í Cannes.



Li Xin í Cannes.



Eva Longoria í Cannes.

## Með sól í hjarta

Texti: MARÍA ÞÓRA ÞORGEIRSDÓTTIR Myndir: NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Fólk í gulum og appelsínugulum fótum vekur athygli hvar sem það kemur. Það eru fáir litir jafn sumarlegir og gulir tónar, enda minna þeir okkur á sólina. Það getur þó verið vandasamt að velja rétta litinn svo maður líti ekki út eins og páskaungi eða sleikibrjóstsykur.

Gulir og appelsínugulir litir hafa verið áberandi í tískunni upp á síðkastið og þá ekki síst hjá stjörnunum. Michelle Williams vakti verðskuld-aða athygli á Óskarsverðlaunahátiðinni síðustu fyrir gamaldags og dívulegan, gulan kjólinn og á Canneshátiðinni nýliðnu skörtuðu ýmsar konur kjólum í þessum litum, þar á meðal Eva Herzigova sem pósaði eftirminnilega fyrir ljósmyndarana í appelsínugulum kjól.



# Brúðarkjólar og fylgihlutir



Efnalaug og fataleiga Garðabæjar - Garðatorgi  
Kr. 30.000 - sölukjöll  
Slör frá kr. 2.500 - 4.500



Kynning



Debenhams - Smáralind  
Kr. 4.990



Debenhams - Smáralind  
Kjöll kr. 16.900, sjal kr. 4.990.  
Pilgrim hálsmen kr. 9.900.

Það er marg sem þarf að huga að þegar brúðkaup eru annars vegar. Brúðurin þarf ekki aðeins að finna sér sinn fullkomna brúðarkjól heldur skart, skó og tösku sem fara í stíl svo eitthvað sé nefnt.

Hefðir eru eitthvað sem oftast fylgja brúðkaupum. Í Mexíkó mynda veislugestir hjartalaga hring í kringum brúðhjónin en inni í þeim hring ástarinnar dansa hjónin sinn fyrsta dans svo þau munu lifa hamingjusöm saman til æviloka.



Debenhams - Smáralind  
Kr. 4.490



Efnalaug og fataleiga Garðabæjar - Garðatorgi  
Kr. 25.000 - sölukjöll  
Slör frá kr. 2.500 - 4.500



Debenhams - Smáralind  
Kr. 12.990

# Fallegar skyrtur ðe sumarbolir



Gallabuxnabúðin - Kringlunni  
Kr. 2.490.  
Einnig til í gulu, rauðu, bláu,  
svörtu og hvítu.

## Kynning

Sumarið er gengið í garð og eru helstu tískuverslanir nú stúfullar af fallegum skyrtum, sumarlegum toppum og stuttermabolum. Allir regnboganslitir virðast vera málið þetta árið enda um að gera að klæða sig sumarlega á þessum stutta en skemmtilega ástíma þegar birtan tekur varla enda.



KISS - Kringlunni  
Kr. 3.490  
Prír litir



Mona - Laugavegi  
Kr. 16.900



NEXT - Kringlunni  
Kr. 1.390



Companys - Kringlunni  
Kr. 4.990



Noa Noa - Kringlunni  
Kr. 6.390



NEXT - Kringlunni  
Kr. 1.490



Glamúr - Laugavegi  
Kr. 4.500



Companys - Kringlunni  
Kr. 3.990



Benetton / Sisley - Smáralind  
Kr. 4.900



NEXT - Kringlunni  
Kr. 5.590



KISS - Kringlunni  
Kr. 5.990  
þrír litir



Companys - Kringlunni  
Kr. 6.990



Companys - Kringlunni  
Kr. 6.990

# Margverðlaunaður hönnuður

» Kristín Eva Ólafsdóttir hefur unnið hverja hönnunar-samkeppnina á fætur annarri undanfarið, núna síðast skipaði hún fyrsta, annað og þriðja sætið í hönnunarsam-keppni um forsíðu símaskrárinnar. Svona til þess að setja punktinn yfir i-ð þá var fjórða hugmyndin hennar notuð í kynningarskyni fyrir símaskrána.

Texti: ERLA BJÖRG GUNNARSDÓTTIR Myndir: STEFÁN

Pegar myndverk Kristínar Evu var valið til að vera á forsíðu símaskrárinnar léti kennari hennar og prófessor við Listaháskóla Íslands, Guðmundur Oddur Magnússon, falla mörg fögur orð í hennar garð. Hann sagði til dæmis að Kristín Eva væri besti hönnuður sem hann hefur séð í langan tíma við deildina. Slik orð hljóta að vera mikil hvatning þegar maður byrjar í nýju námi. „Þetta er rosalegur heiður. Það fyndna er að þegar ég sótti um skólann á síðasta ári þá fékk ég fyrst synjun. Síðan datt einhver út en ég var greinilega á biðlista og komst inn. Ég hef lengi haft áhuga á hönnun og undanfarin sex ár hef ég unnið við margmiðlun og vefhönnun hjá fyrirtækinu Gagarín. Síðan langaði mig til þess að breyta aðeins til og þróa mig áfram. Prentvinnan var því frekar ný fyrir mér þegar ég byrjaði í skólanum og alveg gjörölik því sem ég hef unnið við. Mér finnst bara ótrúlega skemmitilegt að vinna við svona fjölbreytt verkefni og hefði örugglega ekki fengið tækifæri til þess ef ég hefði ekki drifit mig í námið. Ég hef líka kynnt mörgum hæfileikaríkum kennurum og skemmitilegum krökkum þannig að sjóndeildarhringurinn hefur breikkað verulega.“

## HEFUR UNNIÐ MARGR SAMKEPPNIR Í VETUR

Pegar blaðamaður fer að ræða keppnirnar sem Kristín Eva hefur unnið verður hún hógvær og viðurkennir að henni finnist hálf erfitt að ræða þessa sigurgöngu sína síðasta árið. Eftir nokkurt hilk viðurkennir hún þó að hún hafi unnið nánast allar keppnirnar sem hafa verið haldnar við skólann og auk þess hefur hún unnið við fjölda verðlaunaverkefna hjá Gagarín. Kristín Eva vinnur hálfu vinnu með skólanum og á fjölskyldu sem þarf einnig að sinna þannig að stundataflan er ansí þéttskipuð. „Tíminn eftir að leikskóla lýkur og fram að háttatíma sonar okkar er heilagur tími hjá fjölskyldunni. En svo þegar hann sofnar fer ég að læra eða vinna aftur. Sem betur fer er þetta svo gaman þannig að ég svitna ekkert yfir því að missa af sjónvarpsdagskránni. Þetta er náttúrulega bara spurning um gott skipulag. Ég fer í skólann fyrir hádeggi, brýt svo upp dag-inn og skelli mér í ræktina í hádeginu og svo tekur vinnan við. Það er alveg nauðsynlegt fyrir mig að gefa mér tíma í ræktina þar sem ég sit við tölvuna allan daginn og svo eru hugmyndirnar duglegar að koma til míni í ræktinni. Hugmyndirnar koma nefnilega á ótrúlegustu tínum og stöðum.“

## INNSÆI FYRIR PÖRFUM KÚNNANS

Kristín Eva hefur hannað bókakápur, vefsíður, veggfóður og húsgögn svo eitthvað sé nefnt. Hugmyndirnar virðast streyma til hennar og nái yfir breitt svið hönnunar. „Í hugmyndavinnunni þá reyni ég að hafa þarfir kúnnans



Kristín Eva með verðlauna-símaskrána sem komin er inn á flest heimili landsins



„Kindarlegi kötturinn“ sem er notaður til að kynna nýju síma-skrána.


að leiðarljósi og vinna síðan út frá þeim. Til dæmis þegar ég vann við símaskrána þá hafði ég það í huga að hún líti vel út á símaborðinu á heimilinu en það þyrfti ekki að fela hana inni í skúffum og skápum. Þegar ég gerði sýningarskrána fyrir útskriftarhóp LHÍ vildi ég að þau fengju athyglina en ekki ég sjálf enda gengur skráin út að kynna þau en ekki mig. Þannig að í staðinn fyrir myndverk eftir sjálfa mig á forsíðu listaði ég upp nöfn allra útskriftarnemanna á rauðum grunni sem er tilvísun í merki skólans. Í raun-inni snýst þetta um að hugsa um viðskiptavininn og setja sig í spor hans í staðinn fyrir að trana sér persónulega fram. Það hefur alla vega virkað vel hjá mér.“

# Eigenður Óskasti



CRUSER  NOKIA  
Connecting People

Taktu þátt í skemmtilegum leik með CRUSER & NOKIA í sumar !



Stærðir 36 til 46 - Verð 3.995 kr.

Við kaup á CRUSER skóm í verslunum Skór.is, Kringlunni og Smáralind færðu þáttökuseðil sem þú fyllir út.

Með þáttöku gefst þér kostur á að vinna nýjasta og flottasta Nokia símann, Nokia 6125.

Drögum út síma aðra hverja viku í Júní og Júlí.

Vertu flott/ur með CRUSER & Nokia í sumar.

**skór.is**  
KRINGLAN • SMÁRALIND  
www.skor.is

# SUMARSÓLSTÖÐUR

## *Bannað að fara að sofa*

Á miðvikudaginn eru sumarsólstöður - lengsti dagur ársins. Aldrei er sólin lengur á lofti og ef vel viðrar er dásamlegt að fylgjast með því þegar hún rétt svo tyllir sér við sjóndeildarhringinn til þess eins að rísa strax upp aftur. Dagsbirta alla nóttina er eitthvað sem hljómar framandi í eyrum útlendinga og ferðamenn flykkjast hingað til þess

að verða vitni að þessu undri. Við Íslendingar ættum líka að veita sumarsólstöðunum þá athygli sem þær eiga skilið, njóta þess að röltu um í kvöldsólinni og reyna að gleyma því að nú tekur daginn að stytta á ný. Það er margt hægt að gera þessa björtustu sumarnott ársins og stranglega bannað að fara snemma að sofa.

### TÖFRASTUND Í NÁTTÚRUNNI

Finndu þér fallegan stað þar sem vel sést til sólar og fylgstu með hvernig hún sest og rís á ný. Í Reykjavík sest sólin ekki fyrr en klukkan 24:05 og rís aftur klukkan 2:54. Á Akureyri verður nóttin enn styttri. Par sest sólin klukkan 01.04 og rís á ný tuttugu mínútum síðar.



### GÖNGUFERÐIR

Enginn tími hentar betur til gönguferða en einmitt þessi nótt. Að röltu um í miðnætursólinni í ósnortinni náttúrunni er ólysanleg tilfinning. Víða er boðið upp á skipulagðar gönguferðir þessa stystu nótt ársins og svo er líka tilvalið að reima bara á sig skóna og röltu út í nóttina í átt til sólar.



### GRILLVEISLA Í GARÐINUM

Fagnaðu sólinni með því að halda grillveisu í garðinum fyrir vini og vandamenn. Það er frábært að sitja út í garði alla nóttina og skemmta sér við gitarspil og grillmat meðan sólin skín.



### DANSAÐU Í DÖGGINNI

Mestu náttúrbörnin eiga erfitt með að hemja sig þessa nótt. Leystu af þér skó og sokka og dansaðu berfætt/ur í dögginni.

### LAUTARFERÐ UM MIÐNÆTURBIL

Settu nesti í körfu, sæktu köflótta teppið og röltu síðan með fjölskyldunni eitthvert út í buskann. Að sitja saman undir berum himni um miðnæturbil og borða saman nesti meðan enn sést til sólar er frábær upplifun fyrir alla fjölskylduna.



# BYGGJUM SAMAN

